

## Fundargerð

28. stjórnarfundur FHA haldinn 11. október, 2011 kl. 15:30

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS). Guðmundur Óskarsson (GÓ), Fjóla Björk Jónsdóttir (FBJ) og Kristín Þórarinsdóttir (KÞ). Kristín Þórarinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundartími

Samþykkt var að miða við að hafa stjórnarfund 1. þriðjudag í mánuði

2. Vinnumatssjóður.

Ræddar voru tillögur að reglum um vinnumatssjóð. Niðurstaðan var að í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar eigi að breyta reglum um vinnumatssjóð í samræmi við gildandi reglur um vinnumatssjóð í Háskóla Íslands. Þó verði þetta þannig að miðað verði við 33% starfshlutfall til að fá aðild að sjóðnum og greiðslu en sambærilegt starfshlutfall er 50% í HÍ. Þá skuli sólarlagsákvæði gilda um stig fyrir doktorsritgerðir þannig að þeir sem hafi þegar hafið doktorsnám áður en nýjar reglur taka gildi fái stig samkvæmt eldri reglum. Verða þessar tillögur sendar til rektors.

3. Kjararál

Í síðustu kjarasamningum var handsalað að félagsmenn myndu færst um einn dálk til hægri í launatöflu. HS var falið að kanna hvort það myndi ekki standa. Einnig var bókun 1 með kjarasamningu rædd.

4. Trúnaðarmenn.

Samþykkt varað Heiða Kristín yrði áfram trúnaðarmaður á Sólborg og Guðmundur Óskarsson á Borgum.

5. Önnur mál

- Ákveðið var að hafa heilsueflingardag í nóvember þar yrði kennsla í skyndihjálpi og heilsufarsmælingar s.s blóðþrýstings og blóðsykursmælingar sem félag hjúkrunarnema myndi sjá um. Einnig ákveðið að bjóða félagsmönnum í grill á heilsueflingardaginn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00